

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 11. maí 2023
nr. erindis 2305006 SIS

Á 47. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 10. maí 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; Frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu)

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 28. apríl 2023 frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu), 976. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 11. maí nk.

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 28. apríl 2023 þar sem atvinnuveganefnd sendir til umsagnar frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu), 976. mál. Umsagnarfrestur er til og með 11. maí 2023.

Meirihluti byggðarráðs tekur undir umsögn Drangeyjar smábátafélags frá 22. janúar 2023, þegar málið var í samráðsferli í gegnum samráðsgátt, þar sem segir í niðurlagi afstöðu félagsins: "Við er að meirihluti þeirra sjómanna sem stundað hafa grásleppuveiðar á Skagafirði um alllangt skeið eru nú hlyntir kvótasetningu enda liggi ljóst fyrir á hvaða forsendum það verði gert og hvernig hún verði útfærð."


Álfhildur Leifsdóttir VG og óháð óskar bókað að hún taki undir ályktun Aðalfundar Svæðisfélags VG í Skagafirði sem var haldinn þann 14. janúar 2023, sem tók undir mikilvægi þess að svæðaskipta veiðum á grásleppu. Þær rannsóknir og sú þekking sem aflað hefur verið undanfarin ár hafa undirstrikað mikilvægi þess að taka upp svæðaskipta veiðistjórn á hrognkelsum til að tryggja sjálfbæra nýtingu stofna, en einnig tryggja hagsmuni viðkomandi byggðarlaga og fjölskyldna sem byggja lífsviðurværi sitt á grásleppuveiðum. Með því að beita svæðaskiptingu og sóknarstýringu eftir stöðu veiðistofna hrognkelsa innan svæða og hagnýta betur þá nýju þekkingu sem aflað hefur verið, verður best stuðlað að farsælli nýtingu og verndun þeirra.

Fundurinn lýsti yfir áhyggjum sínum yfir hugmyndum um kvótasetningu grásleppu vegna hættu á samþjöppun veiðiheimilda og neikvæðra byggðaáhrifa. Margvíslegar áskoranir fylgja mögulegri

kvótasetningu hrognkelsaveiða sem ekki verður séð á þessari stundu hvernig verða leystar með fullnægjandi hætti.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar



Sigfús Ingi Sigfússon
sveitarstjóri